

# 121. Steinunn Þóra Árnadóttir (Inlägg)

Tusind tak for din tale. Takk fyrir ræðuna, ég ætla að tala á íslensku. Þetta er svo mikilvægt sem þú kemur hérna með, bæði persónulegt en um leið pólitískt innlegg varðandi stöðu samkynhneigðra í norrænum samfélögum. Ég hef hins vegar áhyggjur af því að á Íslandi í það minnsta sjáum við að það er að verða bakslag, ekki í hinum lögformlegu réttindum hinsegin fólks heldur hreinlega meðal ungmenna þar sem fordómar eru aftur að aukast, bæði í garð samkynhneigðra almennt og ekki hvað síst í garð transfólks. Mig langar að heyra hvort þú takir undir áhyggjur mínar og hvernig við höldum áfram. Takk.

## Skandinavisk översättning

Tusind tak for din tale. Tak for talen, jeg vil tale islandsk. Det er så vigtigt et emne, du bringer på bane, både et personligt og samtidigt et politisk indlæg om de homoseksuelles stilling i de nordiske samfund. Det bekymrer mig dog, at vi, i det mindste i Island, ser et backlash, ikke i forhold til LGBTI-personers lovbestemte rettigheder, men simpelthen blandt de unge, hvor fordommene igen vokser, både mod homoseksuelle generelt og ikke mindst over for transpersoner. Jeg vil gerne høre, om du deler mine bekymringer, og hvordan vi kommer videre. Tak.